

Dauðaslys á togara út af Vestfjörðum

ÍSAFIRÐI, 16. marz. — Togarinn Þorsteinn Ingólfsson kom hingað inn aðfaranótt sunnudagsins. Sviplegt slys hafði orðið um borð í togaranum og einn skipverja beðið bana. Maðurinn sem beðið bana var Ottó Guðmundsson frá Hafnarfirði.

Þorsteinn Ingólfsson kom hingað inn á laugardaginn og tók hér ís. Hélt hann aftur út á miðin um hádegisbilið.

Togarinn mun ekki hafa verið búinn að vera á miðunum nema nokkrar klukkustundir er hið

sviplega slys bar að höndum. Ottó Guðmundsson, sem var háseti á skipinu, hafði fallið í stiga er liggur niður í hásetalúkarinn. Hafði hann komið illa niður á höfuðið og var meðvitundarlaus er skipsfélagar hans komu honum til hjálpar og lögðu hann í koju sína. Þegar togarinn kom hingað inn var Ottó Guðmundsson látinn. Hinn látni sjómaður var 48 ára að aldri og bjó á Öldugötu 4 í Hafnarfirði. Hann var ættaður frá Þingeyri. — G.

Háskólaráð veitir áminningu

Morgunblaðinu hefir borizt eftirfarandi ályktun, sem gerð var á fundi Háskólaráðs í gær:

„Í 1. tölublaði Stúdentablaðs,

Gunnþórunn Halldórsdóttir



Á SUNNUDAGINN lézt hér í Reykjavík Gunnþórunn Halldórsdóttir, leikkona, á 88. aldursári. Lézt hún á heimili sínu, Amtmannsstíg 5.

Með Gunnþórunni er fallinn í valinn einn af forvígismönnum leiklistarinnar hér á landi. Hún var síðust eftirlifandi af stofnendum Leikfélags Reykjavíkur. Fyrstu sporin á leiksviði steig hún í Breiðfjörðsleikhúsi við Bröttugötu, í ársbyrjun 1895. Hún hafði leikið um eða yfir 100 hlutverk á leiksviði hér í bænum, langmest hjá Leikfélagi Reykjavíkur, þar sem hún lék um 70 hlutverk. Síðast þeirra var gamla konan, Anna heyrnarlaus, í „Jónsmessudraumur í fátækraheimilinu“. Ásamt Friðfinni Guðjónssyni, lék hún við opnun Þjóðleikhússins í Fjalla-Eyvindi. Hún var kosinn heiðursfélagi Leikfélagsins 1938. Hún var ein langfremsta leikkona Íslands fyrr og síðar.




KÓPAVOGUR
SKEMMTUN Sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi er í kvöld í Breiðfjörðingabúð.

KEFLAVÍK
FULLTRÚARÁÐ Sjálfstæðisfélaganna í Keflavík heldur fund í Sjálfstæðishúsinu annað kvöld, miðvikudag 18. febr. kl. 8.30. — Kosnir verða fulltrúar á Landsfund Sjálfstæðisflokksins. Einnig verður rætt um flokksmál.

sem út kom 7. þ.m., birtist grein með fyrirsögninni Pereat. Greinin er nafnlaus. Ber því ritnefnd blaðsins og útgefandi, sem er Stúdentaráð Háskólans, ábyrgð á ritsmið þessari, en hún er ómakleg persónuleg áráð á mennta málaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslason, og að rithætti og allri gerð fullkomlega ósemileg. Háskólaráð telur Háskólanum og stúdentum almennt mikla hneisu gerða með birtingu þvilkirar ritsmiðar og lýsir megnustu vanþóknun á slíku athæfi.

Háskólaráð telur, að ritnefnd hafi gerzt sek um brot á 24. gr. laga um Háskóla Íslands nr. 60/1957, sbr. reglugerð fyrir Háskóla Íslands 35. gr., þar sem kveðið er á um það, að „háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið stúdent úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerzt sekur um brot á lögum og öðrum reglum Háskólans eða reynzt sekur um háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara“.

Háskólaráð vildi ekki að þessu sinni grípa til brottvikningar, en áminnin Stúdentaráð eindregið og alvarlega um að gæta betur sóma Háskólans og sjálfs sín í blaða-útgáfu sinni“.



Einar Jónsson

Glæsilegur sigur lýðræðissinna í Múrarafélagi Reykjavíkur

UM síðustu helgi fór fram stjórnarkjör í Múrarafélagi Reykjavíkur. Tveir listar voru í kjöri. A-listi sem borinn var fram af meirihluta uppstillingarnefndar og studdur af lýðræðissinum og B-listi, er skipaður var kommúnistum og studdur af þeim.

Úrslit urðu þau, að A-listi lýðræðissinna hlaut 91 atkv., en B-listi kommúnista 61 atkv.

Stjórn félagsins er nú þannig skipuð:

Einar Jónsson, formaður, Jón G. S. Jónsson, varaform., Ásmundur Jóhannsson, ritari,



Á vegum listkynningar Morgunblaðsins hefur undanfarið staðið yfir sýning á eftirprentunum Helgafells á listaverkum nokkurra íslenskra myndlistarmanna. Myndin hér að ofan er af listofinni mynd eftir Ásgerði Búadóttur. Nefnist listaverkið: Kona með fugl.

Mesta þrumuveður sem komið hefur í áratugi

HEITA má að stormar hafi verið stöðugir hér á landi undanfarnar 3 vikur og hefur þetta haft hin ar alvarlegustu afleiðingar í för með sér fyrir þjóðarbúið, því ekki hefur verið komið á sjó.

Útgerðarmenn og sjómenn eru langþreittir á þessu stöðuga aðgerðarleysi. Í svo sem tvö skipti munu bátar hafa komið út á miðin. Ekki var þó um að ræða almennan róður bátanna í bæði skiptin. Fóru þessir róðrar að mestu út um þúfur, því bátarnir hreptu storm yfir línunni og urðu ýmist frá að hverfa eða drógu aðeins lítinn hluta af henni, og afli rýr.

Á sunnudagsmorgun gekk hér yfir Reykjavík mesta þrumuveður, sem komið hefur í áratugi. Aðalþrumuveðrið var milli kl. 7—7.30. Ekki er kunnugt um að tjón hafi hlotið hér í bænum af völdum þess, en skammhlaup varð á háspennulínunni til bæjarins og var rafmagnslaust nokkra stund í bænum. Þegar þrumuveðrið stóð sem hæst, tald.

ist mönnum að 20 eldingarleiftur hafi sézt og í kjölfar þeirra óskaplegur þrumugnýr. Talið er að þrumuveðrið hafi staðið lengur yfir í nærsveitum bæjarins, t.d. hafði það staðið lengur á Keflavíkurflugvelli.

Elding kveikti í Borgarneskirkju

BORGARNESI, 16. febr. — Í óvenju miklu þrumuveðri, er gekk hér yfir á sunnudagsmorguninn, laust eldingu niður í kirkju kaupfélagsins, sem nú er í smíðum og kom upp eldur í henni. Eldingarnar orsökuðu víðar skemmdir hér.

Þrumuveðrið, sem stóð óslitið að heita má frá klukkan 7—8 árd., virðist hafa náð hámarki sínu um kl. 7.30 — Var þrumugnýrinn þá einna mestur og er það álit manna að um það leyti hafi eldingunni slegið niður í turn kirkjunnar. Áltíð er að eldinginn hafi komið eftir vatnsleiðslulögn allt út í net, sem klætt er með, en kirkjan er múrhúðuð. Í öðrum útveggnum hefur svo kviknað í trétekklæðningu. Þegar að var komið í kirkjunu um hádegis, var hún full af reyk, og rífa varð múrhúðunina frá á kafla, til að komast að eldinum

AKUREYRI, 16. febr. — Hingað hefur enginn blaða- eða bréfa-póstur borizt frá því á miðvikudaginn var, að hann kom með flugvél frá Reykjavík. Á fimmtudaginn kom hingað að visu flugvél að sunnan en hún flutti hvorki póst né blöð.

og kæfa hann. Í nokkrum húsum sprangu raföryggi, en í samkomuhúsinu og og á heimili Sig. Guðsteinss. hljóp eldinginn í rafeldavélar og stórskemmdi þær báðar.

Á bænum Árbrekku, sem er 10 km frá Borgarnesi, laust eldingu í húsið, og þar sem hún hljóp í steypustyrktarjárn við stiga þar í húsinu, sprengdi eldingin steininn frá jarninu.

Mál-fundur



FUNDURINN, sem vera átti í kvöld fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Varðarfundi frestað

VEGNA ófyrirsjáanlegra atvika verður Varðarfundinum, sem átti að vera í Sjálfstæðishúsinu í kvöld frestað.

Nánar auglýst síðar.

Landsmálafélagið VÖRÐUR.